

Nefnd um minkinn

Tillögur um rannsóknir og veiðar

Umhverfissráðherra,
Siv Friðleifsdóttir,
Umhverfissráðuneytið
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2004.

Tillögur nefndar um mink

Nefnd sem þér skipuðuð 11. nóvember sl. og fékk það hlutverk að fjalla um veiðar á mink, fækkun og hugsanlega útrýmingu hans úr íslenskri náttúru skilar hér með tillögum sínum.

Nefndinni var m.a. falið að fjalla um stöðu minks í íslenskri náttúru, útbreiðslu og stofnstærð hans og tjón af hans völdum. Nefndinni var falið að gera tillögur til ráðuneytisins um nauðsynlegar aðgerðir til þess að draga úr tjóni af völdum minks, hvernig staðið skuli að veiðum og hvort og hvernig takast megi að takmarka útbreiðslu minks eða útrýma honum úr náttúru landsins.

Í nefndinni sátu Ingimar Sigurðsson, formaður nefndarinnar, Aðalsteinn Jónsson, Ari Teitsson, Áki Ármann Jónsson, Árni Snæbjörnsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Óli Scheving, Sigurður Ingi Jóhannsson og Óðinn Sigþórsson. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurður Á. Þráinsson.

Nefndin hóf störf 26. nóvember og hélt sjö fundi. Nefndin boðaði á sinn fund reynda minkaveiðimenn svo og sérfræðinga sem stundað hafa rannsóknir á mink í þeim tilgangi að afla upplýsinga um minkaveiðar og stöðu og þróun minkastofnsins.

Varðandi störf nefndarinnar vísast til meðfylgjandi tillagna í fylgiskjali 1. Fulltrúi, sem tilnefndur var af Náttúrufræðistofnun Íslands, skilar séráliti sbr. fylgiskjal 2.

Það er mat meirihluta nefndarinnar að mikilvægt sé að ráðist verði í aðgerðir sem fyrst og að sett verði fé í þær aðgerðir sem nefndin leggur til. Samkvæmt mati meirihluta nefndarinnar er heildarkostnaður um 110 milljónir á ári næstu 3 árin og um 100 milljónir næstu þrjú árin eftir það, þ.e.a.s. á gildistíma laganna. Í dag er kostnaður ríkis og sveitarfélaga um 40 milljónir króna á ári þannig að aukinn kostnaður verður um 70 milljónir króna árlega næstu þrjú árin og 60 milljónir króna þar næstu þrjú árin. Sá kostnaður færi hins vegar allur á ríkissjóð m.v. að ábyrgð á framkvæmdinni færist yfir á ríkið frá sveitarfélögum auk þess kostnaðar sem sveitarfélögin hafa í dag og færist einnig yfir á ríkissjóð. Meirihluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, með hliðsjón af stöðu málsins, að betra sé á næstu sex árum að setja 600-700 milljónir króna til þess að gera tilraun til að útrýma eða fækka minkum verulega í stað þess að verja 40-50 milljónum króna árlega um ókomna tíð. Varðandi mat á kostnaði vísast til fylgiskjals 3, sem sett er fram sem drög að kostnaðaráætlun og getur verið lýsandi um umfang verkefnisins.

Niðurstaða.

Meirihluti nefndarinnar leggur til að sett verði sérstök lög um rannsóknir og veiðar á mink, er gildi frá og með 2005 til og með 2010, sbr. meðfylgjandi frumvarp til laga á fylgiskjali 1.

Tryggt verði fé til þess að ríkissjóður standi undir greiðslu helmings kostnaðar á móti sveitarfélögunum á yfirstandandi ári.

Ingimar Sigurðsson, formaður nefndarinnar,

Aðalsteinn Jónsson

Ari Teitsson

Áki Ármann Jónsson

Árni Snæbjörnsson

Guðmundur A. Guðmundsson

Guðmundur Óli Scheving

Sigurður Ingi Jóhannsson

Óðinn Sigþórsson

DRÖG 7.
Tillaga nefndar

Frumvarp til laga
um rannsóknir og veiðar á mink.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að útrýmingu eða verulegri fækkun minks úr íslenskri náttúru.

2. gr.

Umhverfisstofnun annast framkvæmd laganna í samráði við verkefnisstjórn, sbr. 3. gr., og skal verkefnið rekið sem sérstakt verkefni innan stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun ræður verkefnisstjóra að fengnu álitum verkefnisstjórnar og skal hann vera kunnátumaður á þessu sviði með sérþekkingu á veiðum og veiðiaðferðum. Verkefnisstjóri hefur umsjón með verkefninu, skipulagningu þess og framkvæmd.

Landinu skal skipt í veiðisvæði þar sem tekið skal tillit til landfræðilegra aðstæðna og ræður Umhverfisstofnun svæðisfulltrúa til starfa á hverju svæði.

Umhverfisstofnun annast árlega skýrslugerð um minkaveiðar og kostnað við þær á landinu í heild og á hverju svæði.

3. gr.

Umhverfísráðherra skipar verkefnisstjórn, sbr. 2. gr., sem í eiga sæti auk fulltrúa ráðherra sem er formaður, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Bændasamtökum Íslands, einn af Landssambandi veiðifélaga og einn frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hlutverk verkefnisstjórnar er að gera tillögur um veiðar á einstökum svæðum, fjárveitingar til verkefnisins og vera ráðherra og Umhverfisstofnunar til ráðgjafar um allt er lýtur að framkvæmd laganna. Verkefnisstjórnin skal í störfum sínum hafa reglubundið samráð við Félag æðarbænda/Æðarræktarfélag Íslands, Félag meindýraeyða og Félag atvinnumanna við refa- og minkaveiðar. Verkefnisstjóri Umhverfisstofnunar situr fundi verkefnisstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir í samráði við verkefnisstjórn áætlun um mat á stofnstærð minks og vöktun á þróun minkastofnsins á tímabilinu, sbr. lög nr. 60/1992. Stofnunin annast rannsóknir á stofnstærð og þróun minkastofnsins og aðrar rannsóknir og vöktun er varða mink og geta talist hagkvæmar til þess að vinna að markmiði laganna, sbr. lög nr. 64/1994, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Umhverfisstofnun skal stuðla að því að skipulegar veiðar á mink fari fram í samræmi við samþykktar áætlanir og skal stofnunin útvega svæðisfulltrúum nægjanlegan fjölda veiðitækja.

Svæðisfulltrúar skulu í samvinnu við sveitarfélögin sjá um að veiðar verði stundaðar innan svæða en öðrum eru auk þeirra heimilar veiðar að uppfylltum ákvæðum dýraverndarlaga, laga um vernd, friðun, og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og vopnalaga þar sem það á við. Svæðisfulltrúar skipuleggja móttöku á minkaskottum á svæðinu og samþykkja greiðslur veiðiverðlauna.

Umhverfisstofnun skal í samráði við verkefnisstjórn standa fyrir svæðisbundnu átaki í minkaveiðum er skal lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna. Þar skal lögð áhersla á veiðar á vel afmörkuðu landssvæði með það að markmiði að útrýma mink á svæðinu og að hægt verði að verja svæðið til frambúðar og nýta niðurstöður við minkaveiðar á öðrum svæðum.

Efla skal veiðar með gildrum og skal Umhverfisstofnun standa fyrir rannsóknum á slíkum tækjum og þróa þau. Sérstök áhersla skal lögð á veiðar á læðum að vori.

Umhverfisstofnun ákveður og auglýsir veiðiverðlaun og gerir eftir því sem þörf er samninga um aðra þætti kostnaðar vegna minkaveiða í samráði við verkefnisstjórn.

6. gr.

Landeigendum og ábúendum er óheimilt að meina svæðisfulltrúum eða fulltrúum þeirra veiðar í löndum sínum enda skulu þeir valda eins litlu raski og óhagræði og mögulegt er.

Engum eru heimilar veiðar á friðlýstum svæðum, þar sem veiðar eru óheimilar skv. friðlýsingarskilmálum, nema svæðisfulltrúum og fulltrúum þeirra. Þó getur Umhverfisstofnun heimilað landeiganda eða fulltrúa hans veiðar á eigin landi innan friðlýsts svæðis.

7. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdar laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og verkefnisstjórnar í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í samræmi við markmið þeirra svo sem um störf verkefnisstjórnar, verkefnisstjóra og svæðisfulltrúa, samvinnu við sveitarfélögin, skiptingu landsins í veiðisvæði og samráð við hagsmunaaðila.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005 og skulu gilda til og með árinu 2010. Jafnframt falla úr gildi 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Verkefnisstjórn, sbr. 3. gr., skal skipuð þegar í stað og skal hún í samvinnu við Umhverfisstofnun vinna að undirbúningi að framkvæmd laganna. Verkefnisstjóri, sbr. 2. gr., skal ráðinn frá og með 1. október 2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

- 1) Mat á stofnstærð minkastofnsins skal liggja fyrir innan þriggja ára frá gildistöku laganna og þær niðurstöður notaðar til frekari ákvörðunar um aðgerðir, sbr. lið 2.

- 2) Umhverfisstofnun og verkefnisstjórn skulu gera tillögu um endurskoðun laga þessara fyrir árslok 2009 er taki mið af niðurstöðu rannsókna á stofnstærð minks, útbreiðslu hans og dreifingu og árangurs af svæðisbundnu átaki og veiðum á landsvísu.
- 3) Umhverfisstofnun, í samráði við verkefnisstjórn og landbúnaðarráðuneytið, skulu skal þegar í stað láta gera athugun á minkabúum sem rekin eru í landinu með hliðsjón af því hvort nægjanlega sé vel um þau búið. Telji Umhverfisstofnun og verkefnisstjórn ástæðu til skulu þessir aðilar gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur sem ráðast skal í innan árs frá gildistöku laganna.

Athugasemdir með lagafrumvarpi þessu.

Frumvarp það sem hér liggur frammi um rannsóknir og veiðar á mink er samið af nefnd sem skipuð var 10. nóvember sl. og fengið var það hlutverk að fjalla um veiðar á mink, fækkun og hugsanlega útrýmingu hans úr íslenskri náttúru. Nefndinni var m.a. ætlað að fjalla um stöðu minksins í íslenskri náttúru, útbreiðslu og stofnstærð hans og tjón af hans völdum. Nefndinni var falið að gera tillögur til ráðuneytisins um nauðsynlegar aðgerðir til þess að draga úr tjóni af völdum minks, hvernig staðið skuli að veiðum og hvort og hvernig takast megi að takmarka útbreiðslu minks eða útrýma honum úr náttúru landsins. Í nefndinni áttu sæti: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfissráðuneytinu, formaður, Guðmundur A. Guðmundsson, dýravistfræðingur tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður, tilnefndur af Umhverfisstofnun, Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, tilnefndur af sambandinu, Árni Ari Teitsson, þáverandi formaður Bændasamtaka Íslands, tilnefndur af samtökunum, Árni Snæbjörnsson, æðarræktarráðunauturhlunnindaráðunautur, tilnefndur af hópi æðardúnsútflytjenda innan Samtaka verslunarinnar Æðarræktarfélagi Íslands, Aðalsteinn Jónsson, bóndi, tilnefndur af Félagi atvinnumanna við refa- og minkaveiðar og Guðmundur Óli Scheving, formaður Félags meindýraeyða, tilnefndur af félaginu. Ritari og starfsmaður nefndarinnar var Sigurður A. Þráinsson, deildarstjóri í umhverfissráðuneytinu.

Nefndinni var falið að vinna hratt og skila tillögum fyrir 1. febrúar 2004 með það fyrir augum að hægt yrði að taka á málinu þegar í stað.

Í niðurstöðu nefndarinnar kemur fram að lítið sé vitað um stöðu minks í íslenskri náttúru og stofnstærð hans sé ekki vituð með vissu þar sem engar rannsóknir á stofnstærð hafi farið frammat á stofnstærð minks liggur ekki fyrir. Ljóst er þó að útbreiðsla minks er mikil og nær minkur nánast til alls landsins og ekki er efast um tjón minks bæði á hlunnindi sem ogfisk í ám og vötnum sem og fuglalíf. Það er því skoðun nefndarinnar að nauðsynlegt sé að hefja auka rannsóknir á stofnstærð minks næstu þrjú árin og ljúka þeim á þremur árum þannig að ljóst sé við hvaða vanda sé að etja en giskað hefur verið á að minkastofninn sé á haustin á bilinu 8-20allt að 35.000 dýr en nefndar hafa verið hærri tölur. Upplýsingar um stofnstærð hljóti að liggja til grundvallar aðgerðum í framtíðinni ekki síst ef vinna á að útrýmingu minks sem hlýtur að vera takmarkið og ef ekki að verulegri fækkun hans þannig að hægt yrði að halda honum í lágmarki.

Nefndin telur því einnig nauðsynlegt að auk rannsókna verði hafnar veiðar á mink í útrýmingarskyni á völdu svæði í landinu, vel afmörkuðu, sem hægt yrði að verja og hafa Vestfirðir ásamt Snæfjallaströnd og Dalabyggð verið nefndir þar

sérstaklega. Enn fremur að nauðsynlegt sé að auka veiðar á mink frá því sem verið hefur á öðrum svæðum þ.e.a.s. á landsvísu þannig að reynt verði að fækka minki meðan á rannsóknum og svæðisbundinni aðgerð stendur og að hægt verði að nota þann lærdóm sem draga má af svæðisbundnu átaki og auknum veiðum á landsvísu við mat á rannsóknum með það fyrir augum að innan 5 ára verði hægt að leggja til markvissar aðgerðir til útrýmingar minks eða hvernig honum verði haldið niðri.

Minkur var fluttur inn til landsins um 1931 og slapp samstundis fljótlega út í náttúruna og hefur fjölgað jafnt og þétt síðan og breiðst út um allt land. Árið 1939 var fyrst greitt fyrir veiðar úr opinberum sjóðum. Skipulagðar aðgerðir hófust samkvæmt lögum 1957 en þá var sett á fót embætti veiðistjóra sem hafði yfirumsjón með aðgerðunum. Sveitarfélögunum var falin framkvæmdin en ríkisvaldið tók þátt í kostnaði við veiðarnar sem nam um helmingi kostnaðar. Frá því þetta kerfi var tekið upp hefur verið varið 900 millj. kr. til minkaveiða á núverandi verðlagi, þar af um 200 millj. kr. síðustu fimm árin. Árleg veiði hefur verið á bilinu 6-7.000 dýr og tekist hefur að halda afmörkuðum svæðum nær mink lausum með stöðugri veiði en eigi að síður er talið virðist ekki sjá högg á vatni. Talið er að stofninn hafi a.m.k. þrefaldast á síðustu 50 árum, þannig að heildarveiðin hefur engan veginn staðið gegn fjölgun hans. Þótt litið hafi verið á mink sem framandi dýr, gríðarlegan skaðvald í íslenskri náttúru, hafa engar rannsóknir farið fram á stofnstærð hans eða við hvaða vandamál sé í reynd verið að stríða. Rétt er að benda á að samkvæmt alþjóðlegum samningi um líffræðilega fjölbreytni sem Ísland staðfesti 1994 hvílir sú skylda á íslenskum stjórnvöldum að sjá til þess að framandi lífverur í íslenskri náttúru raski ekki búsetu annarra lífvera en víða hefur minkur mjög skaðleg áhrif á æðarvarp, annað og fuglalíf, svo og fisk í ám og vötnum.

Gildandi lagaákvæði um veiðar á mink er nú að finna í 13. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum, en þar kemur fram að minkur njóti ekki friðunar samkvæmt lögum og að umhverfisstofninn ákveði, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka og að sveitarstjórnnum sé skylt að ráða kunnáttumann til veiða. Enn fremur að umhverfisstofninn ákveði árlega viðmiðunartaxta og nánari greiðslur fyrir unna minka sem veiddir eru og að endurgreiðslur úr ríkissjóði vegna veiðanna geti numið allt að helmingi kostnaðar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Fram til 1995 greiddi ríkið helming kostnaðar en því var breytt með lögum nr. 144/1995, sbr. 57. gr., þar sem kveðið er á um að ríkið greiði allt að helmingi kostnaðar við veiðarnar eftir því ákveðið er nánar í fjárlögum og hefur greiddi ríkið undanfarin tvö ár greitt sem nemur 30% kostnaðar á síðastliðnu ári miðað við viðmiðunartaxta.

Nefndin leggur til að stefnt verði að útrýmingu minks eða verulegri fækkun hans og telur eðlilegt að um rannsóknir og veiðar á mink verði sett sérstök löggjöf er taki til tiltekins tíma og að sá tími verði notaður til þess að afla þekkingar um það hvort og þá hvernig sé hægt að stuðla að útrýmingu minks og ef ekki, þá verulegri fækkun hans sem myndi þá kalla á stöðuga vöktun og veiðar áfram. Jafnframt þarf að afla aukinnar þekkingar á veiðiaðferðum og veiðitækni.

Nefndin leggur til að ábyrgð á veiðunum verði færð frá sveitarfélögunum yfir til ríkisins enda hvorki sanngjarnt né skynsamlegt að leggja þessa skyldu á tiltölulega fá sveitarfélög þar sem hlunnindi og náttúrugæði eru mikil og viðkvæm skjóti minkur þar rótum. Það er ljóst að tiltölulega fá sveitarfélög standa undir meginhluta kostnaðar við minkaveiðar sem byggist á nauðsyn þess að halda mink í

skefjum vegna þeirra hlunninda sem þar er að finna og annarra náttúrulegra verðmæta. Má hér sem dæmi nefna Reykhólahrepp vegna æðarvarps og dýralífs og Skútustaðahrepp, sérstaklega í tengslum við verndun Mývatns- og Laxárvæðisins. Þótt gerð sé tillaga um að ríkið taki yfir málaflokkinn er eigi að síður talið nauðsynlegt að nán samvinna verði við sveitarfélögin um framkvæmd veiðanna.

Nefndin leggur til að Umhverfisstofnun verði falið að annast framkvæmd lagannamál samkvæmt lögnum í samráði við verkefnisstjórn sem lagt er til að verði skipuð. Verkefnið verði rekið sem sérstakt verkefni á vegum Umhverfisstofnunar og rekstri þess þannig haldið aðskildum frá öðrum rekstri stofnunarinnar, og að ráðinn verði til þess sérstakur verkefnisstjóri, kunnáttumaður með sérþekkingu á veiðum og veiðiaðferðum. Enn fremur að landinu verði skipt í veiðisvæði þar sem tekið skuli tillit til landfræðilegra aðstæðna og skal Umhverfisstofnun ráða svæðisfulltrúa til starfa á hverju svæði. Þar yrði aðeins um hlutastörf að ræða. Enn fremur leggur nefndin til að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi það hlutverk í samráði við verkefnisstjórn að gera áætlun um mat á stofnstærð minksins og vöktun og þróun stofnsins á gildistíma laganna og jafnframt annist hún rannsóknir á stofnstærð og þróun minkastofnsins sem og aðrar rannsóknir og vöktun er varða mink og geta talist hagkvæmar til þess að vinna að markmiðum laganna og tengist þetta hvort tveggja lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, og lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með áorðnum breytingum.

Það yrði hlutverk Umhverfisstofnunar að stuðla að því að skipulegar veiðar á mink fari fram í samræmi við samþykktar áætlanir og að útvega veiðitæki. Enn fremur yrði það hlutverk stofnunarinnar í samráði við verkefnisstjórn að standa fyrir svæðisbundnu veiðiátaki er skuli lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna og að stuðla að auknum veiðum með gildrum með það í huga að lögð verði sérstök áhersla á veiðar á læðum að vori. Enn fremur er lagt til að landeigendum og ábúendum sé óheimilt að meina svæðisfulltrúum eða fulltrúum þeirra veiðar í löndum sínum og að veiðar verði heimilar á friðlýstum svæðum, séu þær óheimilar þar samkvæmt friðlýsingarskilmálum, en í þeim tilvikum geti eingöngu svæðisfulltrúar og fulltrúar þeirra annast veiðarnar nema landeigendum eða fulltrúum þeirra sé sérstaklega heimilar slíkar veiðar innan friðlýstra svæða.

Hvað kostnað varðar er lagt til að stjórn veiðanna, þ.e.a.s. stjórnkerfið sjálft, veiðiverðlaun og annar kostnaður við veiðarnar greiðist úr ríkissjóði. Ekki er talið verjandi að einstök sveitarfélög, tiltölulega fá, oft landstór og fámenn standi undir megin kostnaði við veiðarnar eins og nú er.

Með vísun til þess að nefndin telur ekki forsendur fyrir því að leggja til endanlegar aðgerðir á þessi stigi er gert ráð fyrir að lögin taki gildi frá og með 1. janúar 2005 og gildi til og með 2010. Í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að mat á stofnstærð minkastofnsins skuli liggja fyrir innan 3ja ára frá gildistöku laganna og að Umhverfisstofnun og verkefnisstjórn skuli gera tillögu um endurskoðun laganna fyrir árslok 2009 er taki mið af niðurstöðu rannsókna á stofnstærð minks, útbreiðslu hans og dreifingu og árangurs af svæðisbundnu átaki og veiðum á landsvísu. Á fyrri hluta ársins 2010 á því að vera mögulegt að leggja til endanlegar tillögur um hvernig haldið skuli áfram að veiða mink.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið þessara tímabundnu laga skal vera að stuðla að útrýmingu eða verulegri fækkun minks úr íslenskri náttúru í samræmi við þau sjónarmið sem fram hafa komið um nauðsyn þess að útrýma mink eða fækka honum verulega.

Um 2. gr.

Lagt er til að Umhverfisstofnun annist framkvæmd laganna í samráði við sérstaka verkefnisstjórn og verkefnið skuli rekið sem sérstakt verkefni innan stofnunarinnar. Með þessu er lögð áhersla á að hér sé um sérstakt átaksverkefni að ræða, enda verkefnið tímabundið, og það skuli ekki tengt öðrum verkefnum á vegum stofnunarinnar. Í því skyni er lagt til að Umhverfisstofnun ráði verkefnisstjóra til verksins, að fengnu áliti verkefnisstjórnar, sem skuli vera kunnáttumaður á þessu sviði með sérþekkingu á veiðum og veiðiaðferðum. Hlutverk hans yrði fyrst og fremst að hafa umsjón með verkefninu, skipulagningu þess og framkvæmd en skipulegar veiðar yrðu fyrst og fremst verkefni svæðisfulltrúa ekki að stunda veiðar en það verkefni er falið svæðisfulltrúum sem ætlað er að starfa á hverju veiðisvæðisviðstöðum og leiðbeina öðrum sem ætla að stunda veiðar. sem lagt er til að taki tillit til landfræðilegra aðstæðna.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt þykir vegna sérstöðu verkefnisins að skipuð verði sérstök verkefnisstjórn sem í eigi sæti, auk fulltrúa ráðherra, sem yrði formaður, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Bændasamtökum Íslands, einn af Landssambandi veiðifélaga og einn af Náttúrufræðistofnun Íslands til þess að aðstoða vera Umhverfisstofnun til aðstoðar við framkvæmd laganna og fylgjast með því að þær fari fram eins og til er ætlast þannig að hægt verði að meta árangur þeirra þegar upp verður staðið. Gert er ráð fyrir því að þeir sem beinna hagsmuna hafa að gæta vegna tjóns af völdum minks eigi fulltrúa í verkefnisstjórninni og að nauðsynlegt sé að tengja veiðarnar við þær rannsóknir sem fram fara á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Lýst er hlutverki verkefnisstjórnar sem er að gera tillögur um veiðar á einstökum svæðum og fjárveitingum til verkefnisins, auk þess að vera ráðherra og Umhverfisstofnun til ráðgjafar aðstoðar um allt er lýtur að framkvæmd laganna. Þar sem fleiri aðilar hafa hagsmuna að gæta varðandi málið er lagt til að verkefnisstjórnin hafi reglubundið samráð við Félag æðarbænda/Æðarræktarfélag Íslands, Félag meindýraeyða og Félag atvinnumanna við refa- og minkaveiðar og að verkefnisstjóri Umhverfisstofnunar sitji fundi verkefnisstjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Um 4. gr.

Engar Litlar skipulegar rannsóknir hafa farið fram á stofnstærð minks hér á landi og vöktun minkastofnsins hefur engan veginn verið markviss. Því er lagt til að Náttúrufræðistofnun Íslands geri í samráði við verkefnisstjórn áætlun um mat á stofnstærð minksins og vöktun og þróun hans á því tímabili sem lögin gilda og að það sé hlutverk stofnunarinnar að annast rannsóknir á stofnstærð og þróun stofnsins sem og aðrar hagnýtar rannsóknir og vöktun er varða mink. Með þessu er ábyrgðin að fullu færð yfir á Náttúrufræðistofnun sem hlýtur að teljast eðlilegt með hliðsjón af lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, en ekkert á að vera því til fyrirstöðu, enda jafnvel æskilegt, að stofnunin feli

rannsóknirnar öðrum aðilum s.s. náttúrustofum sveitarfélaganna en sem stendur er að hluta til unnið að slíku verkefni á vegum Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi en stofunni hefur verið fengin sérstök fjárveiting á fjárlögum til þessara rannsókna 2003 og 2004.

Um 5. gr.

Það verður hlutverk Umhverfisstofnunar að stuðla að því að skipulegar veiðar á mink fari fram í samræmi við þær áætlanir sem liggja fyrir og jafnframt að útvega nægjanlegan fjölda veiðitækja. Svæðisfulltrúar Umhverfisstofnunar sem munu vinna beint undir verkefnisstjóra stofnunarinnar eiga í samvinnu við sveitarfélögin að sjá um að veiðarnar verði stundaðar innan svæðis hvers og eins en öðrum eru auk þess heimilaðar veiðar að uppfylltum ákvæðum dýraverndarlaga, vopnalaga og annarra laga sem hlut eiga að máli. Það yrði einnig hlutverk svæðisfulltrúa að skipuleggja móttöku á minkaskottum á svæðinu og samþykkja greiðslu veiðiverðlauna sem Umhverfisstofnun mundi annast.

Lagt er til að Umhverfisstofnun í samráði verkefnisstjórn standi fyrir svæðisbundnu veiðiátaki sem lokið skuli innan 5 ára frá gildistöku laganna og að þar skuli lögð áhersla á veiðar á vel afmörkuðu landssvæði með það að markmiði að útrýma mink á svæðinu og hægt verði að verja svæðið til frambúðar og nýta niðurstöður við minkaveiðar á öðrum svæðum.

Lagt er til að efla skuli veiðar með gildrum og að Umhverfisstofnun standi fyrir rannsóknum á slíkum tækjum og þrói þau. Gildruveiðar hafa færst í aukana og skila verulegum árangri. Margt konar tegundir af gildrum eru í reynd í umferð en þær þurfa að vera samþykktar af Umhverfisstofnun en stofnunin fer m.a. með framkvæmd dýraverndarmála í landinu. Nauðsynlegt er að tekið verði af festu á þessum málum og reynt að finna út hvaða gildirur henta best m.a. með hliðsjón af kostnaði. Þá er og lagt til að sérstök áhersla skuli lögð á veiðar á læðum að vori en þá er að mati kunnáttumanna helst að vænta árangurs þ.e.a.s. þegar læður eru með hvolpa. Á það sérstaklega við þegar vor eru köld og slarkviðrasöm.

Veiðar fara nú þannig fram í meginatriðum að minkur er veiddur í gildrum síðvetrar (febrúar-apríl) og síðan er leitað með hundum að grenjum í maí fram í júlí og þá aðallega í nágrenni æðarvarpa. Á haustin (ágúst-október) er minkurinn veiddur í gildrum og veiðast þá aðallega hvolpar. Nauðsynlegt er að leggja áherslu stóráuknar veiðar á vorin á læðum því það mun skila bestum árangri.

Í stað umhverfisstjórnar eins og er í gildandi lögum, sbr. 13. gr. laga nr. 64/1994, með áorðnum breytingum, er lagt til að Umhverfisstofnun ákveði og auglýsi veiðiverðlaun og geri eftir því sem þörf er á samning um aðra þætti vegna kostnaðar við minkaveiðar að fengnum tillögum verkefnisstjórnar en þá er um að ræða ferðakostnað og tímakaup ráðinna veiðimanna. Þykir rétt að þessi ákvörðun sé í höndum Umhverfisstofnunar m.a. vegna stjórnarsýslulaga og er þá sérstaklega horft til þess að hægt sé að vísa málum til umhverfisstjórnar s.s. í formi kærúa.

Um 6. gr.

Lagt er til að landeigendum og ábúendum sé óheimilt að meina svæðisfulltrúum og fulltrúum þeirra veiðar í löndum sínum enda skuli þeir valda eins litlu raski og óhagræði og mögulegt er. Nokkuð hefur borið á því að landeigendur og ábúendur hafi neitað minkaveiðimönnum um aðgang að löndum sínum en það gengur ekki eigi að nást samræmdur árangur í veiðunum þar sem á þeim svæðum fjölgar þá mink sem leitar út fyrir viðkomandi jörð og sest að annars staðar jafnvel þar sem mink hefur verið útrýmt.

Lagt er til að veiðar verði stundaðar á friðlýstum svæðum og það skipti ekki máli hvort þær eru heimilaðar eða óheimilar samkvæmt friðlýsingarskilmálum. Slíkar veiðar yrðu þó eingöngu í höndum svæðisfulltrúa eða fulltrúa þeirra nema Umhverfisstofnun heimili landeiganda eða fulltrúa hans veiðar á hans eigin landi innan friðlýsts svæðis.

Ógjörningur þykir að hleypa hverjum og einum inn á eignarlönd gegn vilja landeigenda eða ábúenda og á friðlýst svæði til veiða.

Um 7. gr.

Lagt er til að kostnaður vegna framkvæmdar laganna greiðist úr ríkissjóði en rétt þykir að ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun fari saman.

Um 8. gr.

Lagt er til að ráðherra setji að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og verkefnisstjórnar í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Þar yrði meðal annars fjallað nánar fjallað um störf verkefnisstjórnar, verkefnisstjóra og svæðisfulltrúa, samvinnu við sveitarfélögin, skiptingu landsins í veiðisvæði og samráð við hagsmunaaðila verkefnisstjóra og svæðisfulltrúa og skiptingu landsins í veiðisvæði.

Um 9. gr.

Lagt er til að lög in öðlist gildi 1. janúar 2005 og gildi til og með árinu 2010 og jafnframt að 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, falli niður enda samrýmast þau ákvæði ekki frumvarpinu. Þar sem lög in öðlast ekki gildi fyrir en 1. janúar 2005 er lagt til að verkefnisstjórn, sbr. 3. gr., verði skipuð þegar í stað, og að hún skuli í samvinnu við Umhverfisstofnun vinna að undirbúningi að framkvæmd laganna. Nauðsynlegt er að hefjast þegar handa við undirbúning að framkvæmd laganna enda mikið verk framundan s.s. að gera tillögur um veiðar á einstökum svæðum, svæðisbundið veiðiáttak til útrýmingar, fjárveitingar og áætlanir um rannsóknir þannig að þær liggi fyrir eins fljótt og við verður komið. Einnig er í sama skyni nauðsynlegt að verkefnisstjóri Umhverfisstofnunar, sbr. 2. gr. verði ráðinn sem fyrst, og er lagt til að hann taki til starfa frá og með 1. október 2004 enda mun meginþunginn hvíla á honum varðandi skipulagningu veiðanna.

Hvað varðar frekari skýringar á gildistíma laganna vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1) Nauðsynlegt er að fá fram mat á stofnstærð minkastofnsins sem allra fyrst og er lagt til að innan 3ja ára frá gildistöku laganna skuli þær niðurstöður liggja fyrir og þær notaðar til ákvörðunar um frekar aðgerðir, enda ein meginstoð þess að hægt verði að skipuleggja aðgerðir eftir að gildistíma laganna lýkur.

2) Árið 2009 ættu að geta legið fyrir nægjanlegar upplýsingar til þess að hægt verði að ráðast í fullmótaðar aðgerðir og er því lagt til að Umhverfisstofnun og verkefnisstjórn geri tillögu um endurskoðun laganna fyrir árslok 2009 og við endurskoðunina skuli litið til niðurstaðna rannsókna á stofnstærð minks, útbreiðslu

hans og dreifingu og árangurs af svæðisbundnu átaki sem og veiðum á landsvísu. Þessar niðurstöður ættu að liggja fyrir á þessum tíma.

3) Ljóst er að minkar hafa að undanfögnu sloppið úr minkabúunum þótt ekki sé enn ljóst hvort þeir og þá í hve miklu mæli hafi blandast við villta stofninn í landinu. Eigi að nást árangur í þessum málum er nauðsynlegt að komið verði í veg fyrir að minkar sleppi úr minkabúum og því er lagt til að Umhverfisstofnun í samráði við verkefnisstjórn og landbúnaðarráðuneytið gerir athugun á þeim minkabúum sem rekin eru í landinu með hliðsjón af því hvort nægjanlega sé vel um þau búið og telji stofnunin og verkefnisstjórn ástæðu til skuli þessir aðilar gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur og að ráðist skuli í þær innan árs frá gildistöku laganna.

Sérálit fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands í minkanefnd við drögum (1.-4.) að frumvarpi til laga um rannsóknir og veiðar á mink.

1) Náttúrufræðistofnun Íslands styður meginmarkmið frumvarpsins, þ.e. að stuðla að útrýmingu eða verulegri fækkun minks í íslenskri náttúru. Slíkt markmið er í samræmi við alþjóðlegar skyldur, þar sem um aðskotadýr er að ræða.

2) Náttúrufræðistofnun telur ástæðulaust að setja sérlög um mink í því skyni að breyta núverandi stjórnun á málaflokknum eða til þess að auka rannsóknir og veiðar á mink. Að mati Náttúrufræðistofnunar geta allar fyrirhugaðar aðgerðir gegn mink rúmast innan s.k. "villidýralaga" (nr. 64/1994: Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum). Þegar eru í villidýralögunum sérákvæði um mink og væri því nærtækast að breyta þeim ef ástæða þykir til. Þá bendir Náttúrufræðistofnun á næstum 40 ára reynslu af sérlögum um minkaveiðar, sbr. lög nr. 52/1957 um eyðingu refa og minka, sem féllu niður með tilkomu villidýralaganna árið 1994. Náttúrufræðistofnun telur það varhugaverða stefnu að setja sérlög um aðgerðir gegn einstökum tegundum dýra.

3) Þau frumvarpsdrög sem liggja fyrir leggja áherslu á auknar minkaveiðar, án undangenginna rannsókna á stofnstærð, stofnbreytingum og meintu tjóni af völdum minks. Náttúrufræðistofnun telur þvert á móti að auknar rannsóknir og þekking á mink séu forsenda þess að unnt verði að grípa til skilvirkari aðgerða en stundaðar eru í dag. Veiðialag á minkastofninn er óþekkt og útilokað er, miðað við núverandi þekkingu, að segja til um hversu mikið þarf að auka veiðar á landsvísu til þess að hafa umtalsverð áhrif á minkastofninn í landinu. Mat Náttúrufræðistofnunar á forgangsröðun aðgerða, þ.e. að afla nauðsynlegrar þekkingar með rannsóknum áður en ráðist verður í umfangsmiklar aðgerðir, er í fullu samræmi við álit forstjóra Umhverfisstofnunar sem fram kom í ræðu hans á fundi Æðarræktarfélags Íslands 22. nóvember 2003.

Óskipulegar minkaveiðar hafa verið stundaðar í landinu allt frá því að minkurinn nam hér land fyrir 70 árum, lengst af að frumkvæði og á ábyrgð ríkisvaldsins. Þrátt fyrir allar þessar veiðar og kostnað sem nemur nær milljarði króna að núvirði, vitum við ekki hvort veiðarnar hafi haft nokkur áhrif á stærð minkastofnsins í landinu. Náttúrufræðistofnun hefur í starfinu í minkanefnd lagt áherslu á frá upphafi að skilgreina þurfi vandamálið með rannsóknum áður en hafist verður handa um auknar veiðar og fá þar með tæki til þess að meta árangur þeirra.

Út frá gotstærð og kynþroskaaldri minka má áætla að árleg dánartíðni í stofni í jafnvægi sé nálægt 70%. Mat helstu sérfræðinga landsins á minkum (Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee á 3. fundi minkanefndar) er að veiðialag á landsvísu sé jafnvel minna en 20% af stofni. Það jafngildir hauststofni sem er a.m.k. 35.000 dýr. Til þess að hafa áhrif á þann stofn gæti þurft að veiða a.m.k. 22.000 dýr á ári, eða þrefalt (300%) það sem veitt er í dag. Hugmyndir um 25% aukningu í veiðum á landsvísu með tvöföldun núverandi kostnaðar þýddi aðeins 9000 felld dýr í stað 7000 nú, eða einungis aukningu á veiðialagi um 5 prósentustig. Því má vera ljóst að lykillinn að aðgerðum sem beinast að því að fækka mink umtalsvert er að geta sagt fyrir með einhverri vissu hvað þurfi að veiða mörg dýr til að slíkt markmið náist.

4) Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir sérstöku svæðisbundnu átaki, sem skal lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, með það að markmiði að útrýma mink. Ef slíkt svæðisbundið átak á að gagnast veiðiátaki á landsvísu, er frumskilyrði að ítarlegar samanburðarrannsóknir fari fram fyrir og samhliða aðgerðum svo hægt verði að meta árangur þeirra og yfirfæra á aðra landshluta.

5) Verði af boðaðri lagasetningu leggur Náttúrufræðistofnun Íslands áherslu á að efla rannsóknarþáttinn – einkum fyrstu árin – og styrkja samspil veiða og rannsókna. Án þekkingar er ekki hægt að gera raunhæfa áætlun og án öflugra rannsókna er ekki hægt að meta árangur aðgerða.

Borist hafa athugasemdir við 4. frumvarpsdrög frá þremur nefndarmönnum (fulltrúar Landssambands veiðifélaga, Félags meindýraeyða og Æðarræktarfélags Íslands) sem beinast að hinu gagnstæða. Meirihluti minkanefndar hefur raunar allan starfstíma hennar talið það óþarfa sóun á fé að afla frekari þekkingar á minkastofninum áður en ráðist verður í kostnaðarsamar aðgerðir til fækkunar og jafnvel útrýmingar minks.

Reykjavík, 3.3.2004

Guðmundur A. Guðmundsson, fulltúi Náttúrufræðistofnunar Íslands í minkanefnd.

